

Efni: Umsögn Frjálsíþróttasambands vegna frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2025

1. Fjárveitingar til málaflokksins íþróttá- og æskulýðsmál, að frádregnu framlagi vegna þjóðarleikvanga, eru 1.630,7 mkr skv. frumvarpinu. Árið 2020 voru fjárveitingar til málaflokksins 1.239,0 mkr. Hækkun á tímabilinu hefur því verið 31,6%. Á sama tímabili hækkaði verðlag um 34,4% og íbúum landsins fjölgaði um 10,2%. Til að halda í við verðlag og fólksfjölgun hefðu fjárveitingar þurft að vera a.m.k. 1.835 mkr. Þetta skýtur sérstaklega skökku við þegar tekið er tillit til forvarnargildis íþróttá í tengslum við margar af stærstu áskoranir þjóðarinnar, s.s. aukið ofbeldi á meðal ungs fólks, aukin kyrrseta og tíðni alvarlegrar offitu og lífsstíllssjúkdóma og mál er tengjast lítillar virkni ákveðinna hópa í samfélaginu. Vitað er að kostnaður samfélags í tengslum við ofangreind mál, og fjölmörg önnur, er hár og íþróttir eru lykilatriði við að lækka hann til lengri tíma. FRÍ skorar því á stjórnvöld að auka framlög til íþróttá- og æskulýðsmála. Frjálsíþróttir eru ein aðgengilegasta íþróttin og því mjög hentug til að efla heilsu landsmanna. FRÍ ætlar sér stórt hlutverk í þessum málum næstu misseri, í samstarfi við aðildarfélag sambandsins. Í ljósi eðlis hreyfingarinnar, sem sjálfboðaliðahreyfing, þá nýtist hver króna margfalt sem fer til frjálsíþróttastarfs, á við margvíslegt annað uppbyggilegt starf sem unnið er af opinberum, jafnt sem einkafyrirtækjum. FRÍ vill styðja við nýja svæðisskrifstofur og þeirra góða starf. Frjálsíþróttirnar hafa mikið fram að færa varðandi byggðamál. En lítið er hægt að gera án öflugs grunnstarfs.
2. Kröfur vegna afreksmála hafa stóraukist, sem og allur móta-og keppniskostnaður og hefur það í för með sér mikinn kostnað á aðildarfélag sambandsins sem komin eru að þolmörkum. Í dag eigum við stóran og mjög efnilegan afreksþóp í frjálsum íþróttum, og ef stefna stjórnvalda er að styðja vel við afreksíþróttafólk á Íslandi þá þarf meira fjármagn inn í málaflokkinn, svo hægt sé að styrkja allt utanumhald utan um íþróttafólkið. Þetta felur í sér að meira fé þarf í rekstur skrifstofu sambandsins, svo hægt sé að sinna afreksstarfinu auk þess mikilvæga lýðheilsustarfs sem nefnt er hér að ofan.
3. Það liggur fyrir að þjóðarleikvangur fyrir frjálsíþróttir er ekki lengur fyrir hendi eftir að ákvörðun var tekin um brotthvarf frjálsíþróttá af Laugardalsvelli. Í nýlegri viljayfirlýsingu ríkis, Reykjavíkurborgar, KSÍ og FRÍ kemur m.a. fram að „Ríki og borg sammælast um að biðtími eftir þjóðarleikvangi í frjálsíþróttum verð eins stuttur og frekast sé unnt. Aðilar eru meðvitaðir um mikilvæga keppni á Smáþjóðameistaramóti á

*Íslandi 2028 sem og Smáþjóðaleika, fáum árum síðar.*“ Það kemur því á óvart að 1.500 mkr fjárfestingarframlag árið 2025 eigi einungis að renna til uppbyggingar þjóðarhallar sem nýtist ekki frjálsíróttum á nokkurn hátt. Ljóst er að ef bíða á fram á árið 2026 með undirbúning þjóðarleikvangs fyrir frjálsíróttir er skuldbinding til að halda Smáþjóðameistaramót árið 2028 í uppnámi og bæði meistaramót- og alþjóðleg mót verða áfram haldin við aðstæður sem ekki þykja boðlegar í dag.